

GILDANDI DEILISKIPULAG m.s.br. samþykkt í bæjarstjórn 29.09.2011



DEILISKIPULAGSBREYTING mörk skipulagssvæðis skilgreind betur hvað þau ná langt út á haf.



HLUTI AF AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013 - 2025

SAMÞYKKTIR:

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI, SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010, VAR SAMÞYKKT Í SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐI HAFNARFJARÐAR

ÞANN 28. júní 2016

Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Reykjavíkurvegi 66, 220 Hafnarfirði

F.H. SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐS

DEILISKIPULAGIÐ ER SAMÞYKKT AF BÆJARSTJÓRN HAFNARFJARÐAR
ÞANN _____

F.H. BÆJARSTJÓRNAR

Tillagan var auglýst 7.3.-11.4.2016, með athugasemdafresti til 11.4.2016

SKIPULAGSSTOFNUN HEFUR FENGIÐ ÞESSI GÖGN TIL YFIRFERÐAR SKV. LÖGUM NR. 123/2010

DEILISKIPULAG ÞETTA ÖÐLAST GILDI
ÞANN _____

SKÝRINGAR:

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS - SVÆÐI VIÐ SJÓ AFMARKAÐ
- NÚVERANDI LÓÐARMÖRK ÁLVERSINS
- LÓÐIR
- BYGGINGAR
- GIRÐING
- FRIÐLAND
- BYGGINGAREITUR / BYGGINGASVÆÐI
- BYGGINGAR SEM VERÐA FJARLÆGÐAR
- VEGUR INNAN SVÆÐIS
- SAFNGATA - AÐKOMA AÐ ÁLVERI / HÖFN
- AÐALSTÍGAR
- LEGA REYKJANESBRAUTAR
- FORNMINJAR / HEIMILD UM FORNMINJAR
- UNDIRGÖNG
- FLÆÐIGRYFJUR
- FLÆÐIGRYFJA FRÁ 2006
- FRAMTÍÐARSVÆÐI FYRIR FLÆÐIGRYFJUR
- A Mörk svæðis sem deiliskipulagsbreyting nær til

GREINARGERÐ

Breytingin á deiliskipulaginu fellst í eftirfarandi:

Gert er betur grein fyrir hvað afmörkun skipulagssvæðisins nær langt út á hafsvæði. Miðast er við 18. mgr. 2. gr. jarðlaga nr. 81/2004. Einnig breytast mörk skilulagssvæðis.

Flæðigryfjum er bætt aftur inn á teikningu (frá samþykktu deiliskipulagi 27.05.2003) en þær féllu út við gerð síðasta deiliskipulag 11.11.2004. Einnig er bætt inn á teikninguna nýjum flæðigryfjum frá 2006. Þar að auki er gert grein fyrir framtíðarsvæði fyrir flæðigryfjur.

FLÆÐIGRYFJUR
Staðsetning flæðigryfja skal ákveðin í samráði við Umhverfisstofnun, bæjarstjórn og hafnarfirvöld á staðnum. Flæðigryfja skal varin ágangi sjávar. Þegar fórgun er lokið skal hylja úrgang með skeljasandi og þekjuefni sem fellur inn í umhverfið. Úrgang sem getur dreifst með vindi skal þekja án tafar eða farga með öðrum hætti. Hindra skal aðgang almennings að fórgunarstað.

MENNINGARMINJAR
Varðandi skráðar menningarminjar á svæðinu skal hafa samráð við Minjastofnun Íslands við framkvæmdina og varðandi alla umgengni á svæðinu í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.

NÁTTÚRUMINJAR
Varðandi náttúruminjar á svæðinu og nágrenni þess skal hafa samráð við Umhverfisstofnun við framkvæmdina og varðandi alla umgengni á svæðinu í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfisskýrsla VSÓ

1 Breytingartillaga

1.1 Forsendur

Breytingartillagan nær annars vegar á lagfæringar á uppdráttum og til stækkunar á flæðigryfju.

► Afmörkun á stækkun á flæðigryfju miðast við áætlanir sem fóru í mat á umhverfisáhrifum árið 2002. Uppfylling flæðigryfju verður áfangaskipt í 2 eða fleiri áfanga. Ákvörðun annan áfanga mun m.a. byggja á niðurstöðum vöktunar á fyrsta áfanga.
► Gert er ráð fyrir að losun á kerbrotum í flæðigryfju verði um 3.000 m3 á ári. Sem samsvarar til um 6.000 tonnum á ári).
► Fyrsti áfangi stækkunar verður á vestasta hluta flæðigryfju og verður rúmtak hans um 37.000 m3. Vinnslutími fyrsta áfanga er því a.m.k. 10 ár.
► Þegar flæðigryfjurnar eru teknar úr notkun er þeim lokað með skeljasandi og mold áður en tyrft er yfir þær.
► Tilskipun 1999/31/EC, sem var innleidd inn í íslenska löggjöf með lögum nr. 55/2003 og með reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs.
► Rannsóknir á flæðigryfjum sem voru gerðar 2003, 2008 og 2013.

1.2 Samræmi við áætlanir

Aðalskipulag Hafnarfjarðar:
Stækkun flæðigryfju er í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025. Þar kemur fram að kerbrotum fargað í sérstakar flæðigryfjur við álverið í Straumsvík, en í starfsleyfi álversins er ákveði um að staðsetning þeirra sé ákveðin í samræmi við Umhverfisstofnun (Aðalskipulag Hafnarfjarðar, greinargerð, bls. 120).
Mat á umhverfisáhrifum:
Í mati á umhverfisáhrifum fyrir stækkun álversins, sem lauk með úrskurði Skipulagsstofnunar, dags. 28.10.2002, var lagt mat á áhrif af stækkun flæðigryfju. Til grundvallar var gert ráð fyrir að losun yrði 8.200 til 11.500 tonn á ári.
Í úrskurðarorðum Skipulagsstofnunar kemur fram að áður en ákvörðun verður tekin um framtíðarfyrirkomulag fórgunar kerbrota, sbr. kröfur í tilskipun Evrópusambandsins nr. 99/31/EC, verði aflað upplýsinga um styrk sýaniðs frá flæðigryfjum í samráði við og undir eftirliti Hollustuverndar ríkisins (Umhverfisstofnunar, Úrskurður Skipulagsstofnunar, Stækkun álvers Ísals í Straumsvík, Hafnarfirði, bls. 49).
Í 3. tl. skilmála úrskurðar kemur fram:
Framkvæmdin kallar á gerð deiliskipulags fyrir lóð og athafnasvæði álversins. Skipulagsstofnun telur brýnt að í deiliskipulagi verði sérstaklega hugað að eftirfarandi atriðum:
c. Afmörkun, frágangi og annarri útfærslu flæðigryfja að teknu tilliti til þess að endurskoða þarf núverandi urðunarfyrirkomulag fyrir árið 2009.
Samræmi við skilmála úrskurð:
► Samkvæmt matsskýrslu verður staðsetning nýrra flæðigryfja ákveðin í samráði við Hollustuvernd ríkisins [Umhverfisstofnun] og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar. Rio Tinto Alcan hefur upplýst aðila um áformin og leitað umsagna.
► Eins og kveðið er á um í reglugerð 738/2003 sendi Rio Tinto Alcan á Íslandi Umhverfisstofnun aðlögunaráætlun og umhverfisáhættumat með bréfi dags. 30. desember 2003. Með bréfi dagsettu 24. október 2004 heimilaði Umhverfisstofnun áframhaldandi rekstur flæðigryfja í samræmi við aðlögunaráætlunina með því skilyrði að útskolunarpróf yrði framkvæmt til að sannreina að aðrir þættir en þeir sem umhverfisáhættumatið tók til væru ekki yfir mörkum fyrir almennan úrgang. Niðurstöður útskolunarprófs, sem sendar voru Umhverfisstofnun með bréfi dagsettu 23. febrúar 2006, staðfestu að kerbrot flokkast ekki sem hættulegur úrgangur skv. eðrum þáttum en þeim sem skoðaðir voru sérstaklega við umhverfisáhættumatið. Á þeim grunni hefur fyrirtækið fengið heimild í starfsleyfi til að reka eigin urðunarstað í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Þetta er tilgreint í grein 2.15 í starfsleyfi fyrirtækisins og einnig staðfest í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar frá 4. apríl 2006 en þar segir:
„Á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir nú telur Umhverfisstofnun að fyrirtækið hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett voru fyrir rekstri flæðigryfja."
► Stækkun á flæðigryfjum var hluti af og er í samræmi við úrskurð Skipulagsstofnunar frá 28.10.2002 og því ekki þörf á að senda inn matsskyldufyrirspurn vegna hennar. Allar forsendur eru óbreyttar og nýleg gögn vöktunar staðfesta að um ásættanlega fórgun er að ræða.

1.3 Umhverfisáhrif

Við skoðun á helstu umhverfisáhrifum vegna fyrsta áfanga stækkunar flæðigryfju er litið til áhrifa á strandlengju, strandsjó og lífríki hans. Aðrir umhverfisþættir voru ekki taldir liklegir til að verða fyrir verulegum umhverfisáhrifum og hefur þar talsvert að segja að framkvæmdin er á skilgreindu iðnaðarsvæði og að fórgunarleiðin er í samræmi við lög og reglugerð um fórgun úrgangs.

Strandlengjan:
Strandlengjan er öll manngerð á þessu svæði og er í raun ektri flæðigryfjur. Aðgengi að strandlengju er takmarkað, þar sem hún er innan athafnasvæði álversins. Breyting verður á strandlínu en áhrifin eru talin óveruleg, þar sem ekki verða breytingar á einkennum hennar eða notagildi.

Strandsjór og lífríki:
Ítarleg athugun liggur fyrir á mælingar á mengun frá flæðigryfju og starfsemi álversins, sem var á hendi Nýsköpunarmiðstöðvar. Megin niðurstaðan var:
► Samanburður niðurstaðna fyrir PAH-efni í þessari rannsókn við innlenda og erlenda gagnabanka um PAH-efni leiðir í ljós að styrkur PAH-efna er lægri eða á svipuðum mótum og hann gerist til mannelds við strendur Evrópu og USA og lægri en villiur krækklingur í Færeyjum. Mengunarstigið er því lágt í þessu ljósi þó auðljóslega sé nærsvæðið undir áhrifum verksmiðjurekstrarins.
► Engra áhrifa af verksmiðjurekstri gætir á eftirfarandi snefilefni í þessari rannsókn: ál, arsen, blý, kadmín, kopar, kóbalt, járn, kvikasilfur og mangan. Almennt má einnig segja er varðar þau snefilefni, sem verksmiðjurekstur hefur haft áhrif á og miðað er við rannsóknirnar 1997 og 2003, þá sé um óbreyttan styrk að ræða (vanadín og sink) eða lækkun í styrk (flúor, króm og nikkel).
► Í tíliviki kvikasilfurs, kadmíns og blýs (og aðeins þessara álifrænu snefilefna) hafa verið sett hámarksgildi fyrir fiskmeti til manneldis og stenst allur krækklingur í þessari rannsókn þau mörk með ágætum, jafnvel í tíliviki kadmíns sem oft mælist hátt í 79 krækklingi við Ísland. Kadmín er dæmi um það að varlega verður að fara við notkun erlendra viðmiðunargilda við mat á styrk álifrænna snefilefna í sjávarlífríki á Íslandi.
Auk þess er litið til reynslu af rekstri flæðigryfja frá árinu 1990. Í dag er:
► Meðhöndlun kerbrota hjá Alcan í Straumsvík er samþykkt af Umhverfisstofnun og er að öllu leyti í samræmi við starfsleyfi verksmiðjunnar.
Byggt á fyrirliggjandi greiningum er talið að fyrsti áfangi stækkunar flæðigryfju hafi óveruleg til neikvæð áhrif á strandsjó og lífríki. Niðurstöður benda til þess að áhrifin eru staðbundin.

1.4 Vöktun og eftirfylgni

Líkleg umhverfisáhrif benda ekki til sérstakra aðgerða í deiliskipulagi. En mikilvægt er að halda áfram vöktun á svæðinu og fylgja eftir skilmálum starfsleyfisins. Vöktun flæðigryfju er samkvæmt vöktunaráætlun sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt.
Í skilmálum starfsleyfis kemur fram í kafla 2.16 um flæðigryfjur ákveðin vöktun og eftirfylgni með frágangi:
Flæðigryfja skal varin ágangi sjávar. Þegar fórgun er lokið skal hylja úrgang með skeljasandi og þekjuefni sem fellur inn í umhverfið. Úrgang sem getur dreifst með vindi skal þekja án tafar eða farga með öðrum hætti. Hindra skal aðgang almennings að fórgunarstað.
Gert er ráð fyrir því að ákvörðun um annan áfanga stækkunar flæðigryfju byggi á úttekt á áhrifum fyrsta áfanga á standsjó og lífríki. Ákvörðun um umfang verði tekin í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og Umhverfisstofnun.

útg. dags.		
A 06.06.2016	Lagf. á texta í greinagerð um menningarminjar. Tilvísun í umhverfisskýrslu VSÓ dags. 06.06.2016.	shg
	skýring	teiknað

ARKÍS arkitektar
Kleppsvegi 152 104 Reykjavík
kt 531107-0550 S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is

Álveriið í Straumsvík

Verkheiti:	Breyting á deiliskipulag Hafnarfjörður
Sveitarfélag:	
Stoðgreinir:	
Landnúmer:	
Verknúmer:	0131

Hönnuður:

○ Aðalsteinn Snorrason	arkitekt fai	kt.161161-2769
○ Ámar Þór Jónsson	arkitekt fai	kt.010174-4819
○ Birgir Teitsson	arkitekt fai	kt.020460-4589
○ Björn Guðbrandsson	arkitekt fai	kt.170174-3059
○ Egill Guðmundsson	arkitekt fai	kt.270152-6869
○ Þorvarður L. Björgvinsson	byggingaf. bfi	kt.250572-3529

○ Hönnuður aðal-/séruppdrátta:

○ Hönnunarstjóri:

Hannað / teiknað:	shg	Mælikvarði:	1:2500
Yfirfarið / samþykkt:	Yfirfarið	Dagsetning:	21.01.16

Deiliskipulagsuppdrátt$_{1r}$

(99)-1.01 A
teikning breyting

Afmörkun til sjávar og flæðigryfjur uppf.